

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Zoom fundur – Fundur #4 starfsárið 2021-22

Dagsetning: 15.10.2021

Tími: 12:00 til 13:30

Mættar voru stjórnarkonurnar: Edda Rún Ragnarsdóttir (ERR), Elísabet Tanía Smáradóttir (ETS), Eydís Rós Eyglóardóttir (ERE), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP), Unnur Elva Arnardóttir (UEA) og Vigdís Jóhannsdóttir (VJ) sem og framkvæmdastjóri félagsins Andrea Róbertsdóttir (AR).

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

12.00 – 12.10	1	Opnun – einn stuttur hringur – upplifun af upphafinu og endurgjöf sem hver hefur fengið á starfið - Stafrófsröð.
12.10 – 12.20	2	Skýrsla framkvæmdastjóra (AR)
12.20 – 12.25	3	Afsláttur fyrir félagasamtök (AR/ERE)
12.25– 12.30	4	Sýnileiki – heimasíðan s.s. viðburðir og fréttir, hlaðvarp, Instagram ... (KKH/AR)
12.30– 12.40	5	FKA – Suðurnes. Erindi tekið fyrir og staðan tekin á landsbyggðadeild þar? (AR)
12.40– 12.45	6	Erindi „Möguleiki kynsegin fólks á göngu í FKA“ (AR)
12.45 – 13.20	7	Verkefni stjórnar framundan a. FKA viðurkenningarhátíð – staðan (UEA, ERR, AR) b. SÝN og sýnileikanefndin (AR) skipa nefnd, dagsetning o.fl. (VJ, KKH, ETS) c. Ársskýrsla og áframhaldandi samstarf með Birting (AR/SHP) d. Fjölmíðlaverkefni, valnefnd, dagsetning o.fl. (ERE, SHP) e. Heitt á könnunni í Borgartúni fyrsta miðvikud. í mánuði frá áramótum? (AR) f. Samstarf við VR (UEA, AR) g. Viðburðir nefnda, stærstu fengið dag s.s. jólarölt, nýliðamóttaka o.fl. (AR) h. Framkvæmdastjóri FKA tekur þátt í undirbúningi Jafnréttisþingi (AR) Verkefni stjórnar eftirfylgni (stutt) ... margt búið að vera í gangi. i. Í gær var það Jafnvægisvog (KKH) j. AFKA ferð um suðurlandið 8-10. október 2021 k. Fjalladrottningar sem var 3/10 '21 og Hlaupadrottningar 5/10 2021 (ETS) l. Fundir með nefndum 7/10 2021 í B35 (AR, SHP) m. Rafrænn samráðsfundur vegna níundu skýrslu Íslands um framkvæmd Kvennasamnings Sameinuðu þjóðanna og hópur mætti í B35 (AR) n. Spurningalisti um þátttöku kvenna í alþjóðaviðskiptum (AR/SHP)
13.20 – 13.30	8	Önnur mál - Alþjóðamál og samskipti þ.e. staðan, magn og gæði (SHP/VJ)

Formaður stjórnar, Sigríður Hrund, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum Elísabetar Taníu Smáradóttir

1. Hringurinn tekinn stutt

Stjórnarkonur fóru yfir stöðu hjá sér og í sínum verkefnum innan stjórnar. Gefin var endurgjöf og mat á stöðu og hvað þarf að bæta eða hvað er í toppstandi.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri fór yfir fjármál félagsins sem eru góð sem og það sem fram undan er í félags- og markaðsstarfi. Almennt eru horfur góðar bæði í fjármálum og félagatali. Umsóknir eru greiddar og staðan er jákvæð.

3. Afsláttur fyrir félagasamtök

Farið var yfir að gefa afslætti til góðgerðasamtaka, non profit samtök. Var samþykkt í tilraunaskyni að gefa 40% afslátt til kvenna innan þeirra.

4. Sýnileiki

Katrín Kristjana heldur áfram að virkja Instagram og fá fleiri hendur að borði þar. Gengur vel og alltaf fleiri að bætast við.

5. Fka – landsbyggðardeild á Suðurnesjum

Beiðni kom um að stofna landsbyggðardeild á Suðurnesjum og eru þær Guðný Birna og Fida í fararbroddi þar. Þegar eru komnar um 30 konur sem vilja koma í deildina. Stjórn styður þessa beiðni og mun styrkja í framkvæmd.

6. Möguleiki kynsegin fólks við inngöngu í FKA

Það þarf að huga vel að þessu málefni og skoða lagabreytingar sem þegar eru til staðar í félaginu. Ákveðið var að leita aðstoða og ráðgjafar hjá sérfræðingum á þessu sviði og verður erindið tekið aftur fyrir þegar því er lokið.

7. Verkefni stjórnar framundan og eftirfylgni liðinna verkefna

Viðurkenningahátíðin (UEA,ERR) Verkefnið í startholum. Búið er að skoða tilboð og möguleika á sölum fyrir þetta. Fyrsti verkefnafundur er settur í næstu viku.

Sýnileikanefnd (ETS,VJ,AR). Umsóknir frá 6 konum voru samþykktar í nefndina og voru þær ólíkar og fjölbreyttar. Fundur með þeim er í næstu viku þar sem raðað verður í hlutverk og ákveða fyrstu skref t.d finna dagssetingu og staðsetningu.

Ársskýrslan. Ákveðið var að bóka fund með Birting og skoða framhald á samstarfi þar. Skoða hvort og hvernig prentun vs. rafræn birting eða blöndun beggja leiða verði farsæl.

Fjölmíðlaverkefnið (ERE,AR). Fundur er í næstu viku og leggja línur að komandi samstarfi er varðar verkefni. Sýn hefur boðið til sín þeim sem ekki komumst að í fyrra í heimsókn til að mæta þörfum sem flestra.

Heitt á könnunni. Ákveðið var að slaufa því og einbeita okkur að hittast frekar í faghópum, nefndum og fleiri viðburðum til að taka stöðuna og vera til staðar. Þótti öllum þetta ofauki við dagskrá sem þegar er annsi þétt.

Koma viðburðardagskrá betur að og fá allar félagskonur til að raða viðburðum í samræmi við núverandi dagskrá og þannig gefa tækifæri á að komast í flest sem áhugi er fyrir.

Jafnvægisvugin verður gerð upp með jafnvægisráði á uppgjörsfundi og farið vel yfir hvaða atriði þarf að skoða sérstaklega fyrir næsta ár.

Jafnréttisþing sem er á vegum ráðurneytis er í Febrúar og fer framkvæmdastjóri þar sem fulltrúi FKA.

AFKA ferðin um Suðurland gekk einstaklega vel og stóð Suðurland sig einstaklega vel í að markaðssetja sig og koma stöðum/fólki á framfæri.

Rafrænn samráðsfundur vegna níundu skýrslu Íslands um framkvæmd Kvennasamnings Sameinuðu þjóðanna og hópur mætti í B35. Framkvæmdin er í fullum gangi og er mikil gleði í samstarfi.

Spurningarlisti fyrir þátttöku kvenna í Alþjóðaviðskipum. Viljum skoða betur hvort almennt sé áhugi hjá félagskonum að fá þann lista senda þegar hann er tilbúin.

8. Önnur mál

Ákveðið var að forgangsraða verkefnum betur og skoða betur hvaða verkefni skila mestu fyrir félagið og félagskonur.

Engin önnur mál voru rædd.

Fundi slitið kl 13:30